

2.  
1  
Bókun frá borgarfulltrúum Kvennaframboðsins, 6.6. 1985

Þessi mótmæli okkar gegn falskri og fjarstæðukenndri kven-ímynd karlveldisins hafa verið okkur erfið. Þau hafa verið erfið vegna þess, hversu ósönn þessi kven-ímynd er. Konur eru ekki svona, hvorki fegurðardrottningr né aðrar konur. Við viljum undirstrika, að öllum þeim heilabvotti, sem beinist sterkast að okkur konum í kring um atburði eins og fegurðarsamkeppnir, er ætlað að halda okkur föstum í hlutverki, sem karlar skapa og ala á vegna þess að þannig ógnum við konur ekki karlveldinu.

Fegurðarsamkeppni er því ekki sniðug uppákoma eða tilbreyting í hversdagsleikanum. Ópinber þátttaka borgarstjóra í þeirri athöf er mógun við konur.